

**Menningarstarfsemi og markaðurinn, menningin er ekki viðburðir heldur lífið sjálft** : Framlag ritlistarhóps til menningarstefnu Akureyrarbæjar.

Þátttakendur í hópnum voru:

- Benedikt Bragason (VMA)
- Björn Þorláksson (Rithöfundasamband Íslands?)
- Hólmkell Hreinsson (Amtsbókasafnið á Akureyri)
- Sverrir Páll Erlendsson (MA)

Gestir á fundum hópsins voru:

- Auður Ólafsdóttir, nemi í ferðamálafræði
- Úlfhildur Dagsdóttir, bókmenntafræðingur

Hópstjóri:

- Sóley Björk Stefánsdóttir (Stjórn Akureyrarstofa)

Haldnir voru þrjú fundir; tveir í fundarherbergi Akureyrarstofu og einn á kaffistofu Amtsbókasafnsins. Fundir voru allir fullmannaðir utan einn þar sem vantaði Sverri Pál. Vegna kynja- og aldurshalla hjá þátttakendum hópsins var það ákvörðun hans að fá gesti inn á fund sem ynni á móti hallanum. Hópurinn kom sér saman um meginlínur og heilmikil þankahrið varð svo um ýmis atriði. Þetta yfirlit endurspeglar þær umræður sem áttu sér stað á fundum hópsins.

Hópurinn var sammála um að nauðsyn þess að efla vægi ritlistar/orðlistar í menningu bæjarins. Hér á eftir fara nokkur atriði sem hópurinn telur vera mikilvæg í þeirri vegferð:

- Að styðja við grasrótina
- Mikilvægi lesturs í námi – leið til að læra að forma hugsanir sínar
- Búa til tækifæri fyrir fjölbreyttar uppákomur, t.d. bókamessu með ritmiðju, leiklestur, samlestur, upplestur rithöfunda og bak við tjöldin innsýn, performansa byggða á ritlist. Uppákomur hafa mótandi áhrif á ungt fólk.
- Tengja við aðrar listgreinar s.s. tónlist, leiklist, kóra...
- Bókmenntaklúbbar. Útfærsla á leshringjum.

Bærinn þarf að standa fyrir viðburðum og uppákomum sem bæði styðja það fólk sem leggur stund á orðlist en ekki síður til að verkja athygli og mögulega áhuga fleira fólks á listforminu.

Sá menningararfur sem bærinn á í formi ritlistar er í raun fjársjóður sem væri hægt að nýta mun betur í tengslum við ferðamennsku en það þarf þá að gera á nútímalegan hátt sem nær til stærri hóps en þeirra sem hafa beinan áhuga á lestri og bókmenntum. Það eru ýmsar leiðir til þess s.s. göngur með leiðsögn (rafrænni eða lifandi). Það þarf að hvetja bæjarbúa til að vinna úr bókmenntaarfinum á nýstárlegan hátt og nýta í ferðamennsku.

Einnig þarf að höfða til bæjarbúa. Það væri hægt að setja upp verkefni þar sem allir (ekki bara innan skólanna heldur reyna að ná til stærri hóps bæjarbúa) væru að vinna útfrá sama verki (t.d. bók) og þannig búa til sameiginlegar tengingar milli bæjarbúa. Textar og textabrot gætu verið sýnileg um allan bæ. Þetta gæti verið í svipuðum anda og “brosu með hjartanu” verkefnið. Það eru örugglega fleiri leiðir sem við getum farið til að nýta okkur smæðina betur.

Gott væri að halda reglulega ráðstefnur og málþing þar sem fjallað væri um og unnið út frá ritlistinni. Mikilvægt er að leita í reynslu annarra en einnig að gera eitthvað sem ekki hefur verið gert áður.

Með því að næra og efla grasrótina leggur bærinn grunninn að því að skapandi starfsemi verði til á forsendum íbúa og að þeirra frumkvæði. Þegar þessa skapandi grasrót vantar þá kemur upp sú staða að til þess að gera menninguna sýnilega þarf bærinn sjálfur að standa undir allri vinnu og kostnaði. Það er því til mikils að vinna fyrir bæjarfélagið að örva og styðja þá sem hafa frumkvæði að verkefnum. Stuðningur er ekki aðeins fjárhagslega heldur einnig með athygli og hrósi.